

rauð-ur *lo – gulur*
[-, rautt; -ari, -astur]

– rósín er rauð

‡ rauðr

áhrif *hk ft – hús*

– hún hefur áhrif á eiginmann sinn

‡ •hrifinn

svart-ur *lo – gulur Ö*
[svört, -; -ari, -astur]

– útlitið er svart!

‡ svartur « hvítur

hvít-ur *lo – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– snjórinn er hvítur

‡ hvítr • hvítasunna « svartur

grá-r *lo – gulur*
[-, -tt; -rri, -astur]

– götur borgarinnar eru gráar

‡

kast-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– barnið kastar boltanum

‡

rík-ur *lo – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– þau eru mjög rík

‡ ríkr • ríki, ríkja

blá-r *lo – gulur*
[-, -tt; -rri, -astur]

– hafið er blátt

‡ •fjólublár

brún-n *lo – gulur S*
[-, -t; -ni, -astur]

– moldin er brún

‡

hróp-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– hún hrópar á hjálp

‡ » kalla

hrað-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– hann keyrir á hundrað kílómetra
hraða

‡ •hratt

græn-n *lo – gulur S*
[-, -t; -ni, -astur]

– grasið er grænt

‡ grænn

lækk-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– útsala, stórlækkað verð!

kuld-i *kk – tími*
[-a, -ar]

– þetta er nú meiri kuldinn!

‡

elsk-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– ég elska þig

‡ •elska (no)

gul-ur *lo – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– sítrónan er gul

‡ gulr • appelsínugulur